

BTÍ Fréttir

BTÍ
BRUNATÆKNIFÉLAG
ÍSLANDS

Fréttabréf Brunatæknifélagsins
og Íslandsdeildar IFE
16. árgangur 3. tölublað
13. október 2010
Ritstjóri: Kristján Vilhelm Rúriksson

Morgunverðarfundur

Næsti morgunverðarfundur BTÍ verður haldinn miðvikudaginn 20. október nk. á Hótel Loftleiðum í Blómasalnum kl. 8 - 10.

Fundurinn fjallar um brunavarnir á heimilum og samstarfsvettvang ýmissa aðila sem láta sig þá hluti varða.

Fyrirlesarar: Bjarni Kjartansson frá SHS ásamt fleirum. Nánari lýsing verður send í fundarboði til félagsmanna í næstu viku.

Enginn aðgangseyrir en fundarmenn kaupa sér morgunverð sem kostar 1.800 kr.

Stjórn BTÍ

Fréttir af síðasta fundi

Þann 16. apríl var haldið Brunavarnarþing 2010 og í framhaldi af því aðalfundur BTÍ. Þema Brunavarnarþings var burðarvirki og brunavarnir þar sem fjallað var um brunahönnun burðarvirkja frá ýmsum sjónarhornum eins og t.d. reglugerðurm varandi þau, öryggi slökkviliðsmanna í háhýsum, brunhönnun og rannsóknir á burðarvirkjum eftir bruna.

Eftir þingið var síðan aðalfundur BTÍ haldinn. Þar urðu þær breytingar að Gunnar H. Kristjánsson gekk úr stjórn og inn kom Kristján Vilhelm Rúriksson, verkfræðingur hjá Brunamálastofnun. Gunnari eru færðar þakkir fyrir mjög vel unnin störf á undanförunum árum í þágu félagsins.



Við biðjumst afsökunar (á að hafa skipt við Arion banka. Það gerist ekki aftur.)

Á síðasta ári urðu félagsmenn okkar fyrir því að fá innheimtubréf frá Kaupþingi, sem nú heitir Arion banki, þar sem hótað var aðgerðum, kostnaði og síðan lögfræðinnheimtu og enn meiri kostnaði, ef menn greiddu ekki félagsgjaldið innan 10 daga. Þetta var auðvitað tóm vitleysa, því félag eins og Brunatæknifélagið beitir ekki slíkum aðgerðum. Þátttaka í félaginu er frjáls og greiði menn ekki félagsgjaldið þá eru þeir einfaldlega ekki lengur félagar.

Þáverandi gjaldkeri sendi um 40 afsökunarbréf til félagsmanna og það þjónustufulltrúann í bankanum skýrt og margítrekað um að þetta mætti alls ekki gerast aftur.

En viti menn. Nú í vor sendi Arion banki aftur út hótunarbréf til félagsmanna okkar! Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Margir höfðu samband við okkur sárir og reiðir. Einn gekk svo langt að segja sig skriflega úr félaginu og vildi ekkert af okkur vita frammar, og nokkrir aðrir hótuðu hinu sama. Bankinn var búinn að stórskaða félagið.

Nú fórum við aftur í bankann og kvörtuðum. Við fórum þess á leit að bankinn hefði samband við þá sem hann hefði sent hin óumbeðnu og innistæðulausu hótunarbréf, skýrði málið og bæði þá afsökunar á mistökum sínum. Viðbrögð bankans voru í stíl við fyrri vinnubrögð. Við fengum þau svör að bankinn myndi ekki gangast við mistökunum, svo augljós sem þau þó voru, og ekki kom til mála að biðja þolendurna afsökunar.

Við þessu var aðeins eitt að gera. Brunatæknifélagið hefur hætt öllum viðskiptum við Arion banka. Við biðjum félagsmenn okkar að fyrirgefa okkur þau mistök að hafa átt þar viðskipti. Við lofum að það gerist ekki aftur.

Brunatæknifélagið hefur nú samið við Íslandsbanka um bankaviðskipti og innheimtu félagsgjalda. Engin hótunarbréf verða send, en verið er að athuga með að senda út vinsamlega áminningu til þeirra sem eiga ógreidd félagsgjöld.

Ég vil nota tækifærið og minna þá sem enn hafa ekki greitt árgjald félagsins, vinsamlegast á að greiða það sem fyrst. Greiða má inn á reikning félagsins í Íslandsbanka, nr. 528-26-2223, kt. 680691-1189.

Árni Árnason, gjaldkeri BTÍ



***Dagskrá vetrarins 2010 – 2011.**

20. október	Brunavarnir á heimilum
Nóvember	Efni auglýst síðar
Desember	Efni auglýst síðar
Janúar	Helstu brunar ársins 2010
Febrúar	Efni auglýst síðar
Mars	Efni auglýst síðar
Apríl	Aðalfundur, Brunavarnarþing. Ný byggingalög og byggingarreglugerð.

Stjórn Brunatæknifélagssins veturinn 2010 – 2011.

Formaður

Óskar Þorsteinsson Sími: 422 3321 tölvupóstur: oskart@mannvit.is

Gjaldkeri

Árni Árnason Sími: 412 6035 tölvupóstur: arni.arnason@efla.is

Varaformaður

Örvar Aðalsteinsson Sími: 528 3000 tölvupóstur: orvar.adalsteinsson@shs.is

Ritari

Kristján Vilhelm Rúriksson Sími: 591 6018 tölvupóstur: kristjan@brunamal.is

Meðstjórnandi

Björn Ingi Sverrisson Sími: 422 8549 tölvupóstur: bis@verkis.is